



153. löggjafarþing 2022-2023  
299. mál

Kópavogur, 29. mars 202

## Umsögn um tillögu til þingsályktunar um einföldun á ferli umsókna um sérstök útgjöld vegna barns.

Fyrir Alþingi liggur tillaga til þingsályktunar um einföldun á ferli umsókna um sérstök útgjöld vegna barns. Tillagan er þannig: „Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að flýta þróun rafrænna samskipta og einfalda ferli umsókna hjá sýslumanni um sérstök útgjöld vegna barns. Áhersla verði lögð á að auðvelda aðgengi milli ríkisaðila að upplýsingum og gögnum vegna umsókna um sérstök útgjöld.“

Fyrir liggur að um langt skeið hefur meðferð ýmissa mála á grundvelli barnalaga nr. 76/2003 tekið langan tíma hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Sýslumaður fagnar allri umfjöllun sem lítur að því að einfalda meðferð þessara mála sem kann í einhverjum tilvikum jafnframt að leiða til þess að stytta málsmeðferðartímann.

Líkt og segir í greinargerð með tillögunni þá þurfa tiltekin gögn frá opinberum aðilum að fylgja ákveðnum beiðnum til sýslumanna, svo sem skattframtöl, tekjufirlit, forsjárvottorð, gildandi ákvörðun um meðlag og yfirlit frá sjúkratryggingum vegna greiðsluþátttöku. Augljóst þykir að sýslumaður þarf umrædd gögn svo unnt sé rannsaka málin með fullnægjandi hætti, enda ber sýslumanni við ákvarðanir um framfærslu barna m.a. að horfa til þarfa barns og fjárhagsstöðu og annarra haga beggja foreldra, þ.á.m. aflahæfis þeirra, sbr. 2. málslið 1. mgr. 53. gr. barnalaga. Vissulega kann gagnaöflunin í einhverjum tilvikum að vera umfangsmikil en samkvæmt framansögðu er hún nauðsynleg svo sýslumaður geti uppfyllt skyldur sínar til að fullrannsaka mál áður en ákvörðun er tekin.

Tekið er undir að umrædd gagnaöflun geti verið nokkuð íþyngjandi og að gagn kunni að vera af því að auðvelda fólki að leggja fram nauðsynleg gögn eða eftir atvikum að sýslumaður geti sjálfur afla þeirra. Mun það í flestum tilvikum draga úr vinnu viðskiptavinanna og í einhverjum tilvikum einnig spara vinnu hjá sýslumönnum, þar sem töluverð vinna getur farið í það að ganga á eftir nauðsynlegum gögnum frá viðskiptavinum, hafi þau ekki fylgt beiðni í upphafi.

Ástæða er til að vekja athygli á að þau gögn sem leggja þarf fram hjá sýslumönnum eru ekki gjaldfrjáls. Meginreglan sem felst í því að málshefjandi skuli sjálfur leggja fram nauðsynleg gögn felur því einnig í sér að viðkomandi skuli sjálfur bera kostnað af öflun gagnanna. Þó svo að kostnaður við öflun einstakra vottorða eða framtala sé óverulegur, þá er um umtalsverðan kostnað að ræða ef sýslumaður á sjálfur að afla gagnanna, enda skiptir málafjöldinn þúsundum á hverju ári. Mikilvægt er að sýslumenn fái auknar fjárheimildir samhliða öllum breytingum sem fela í sér aukin fjárútlát.

Ítrekað er að sýslumaður er mjög hlynntur öllum breytingum sem kunna að einfalda málsmeðferð hjá sýslumönnum. Þá er sérstaklega tekið er fram að öll sömu sjónarmið um eiga við um ýmis önnur mál sem rekin eru hjá sýslumönnum, bæði skv. barnalögum en eins samkvæmt öðrum lögum t.d. lögum um ættleiðingar nr. 130/1999. Eðlilegt er að allar breytingar hvað þetta varða taki einnig til annarra mála en beiðnir um sérstök útgjöld.



# Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Hlíðasmári 1, 201 Kópavogur • [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is) • [fjolskylda@syslumenn.is](mailto:fjolskylda@syslumenn.is) • kt.650914-2520 • sími 458-2000

Þá er áréttað að sýslumaður óskar eftir að vera þátttakandi í öllu samstarfi um breytingar sem varða verkswið hans.

Virðingarfyllt  
Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu  
María Júlía Rúnarsdóttir, fagstjóri sifjamála